

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	02.06.2015
Málalýkill	09.33
Mál nr.	1503022

Garðabæ, 1. júní 2015

Garðabær – skipulagsmál

Efni: Nýtt deiliskipulag við Breiðakur

Athugasemd vegna aukinnar umferðar um Akurbraut

Ítrekum hér með athugasemd okkar frá 14. ágúst 2013 við nýtt deiliskipulag við Breiðakur:

Við undirrituð viljum gera athugasemd við nýtt deiliskipulag við Breiðakur. Leiðin þangað liggur um Akurbraut. Við búum við Árakur og eigum lóð að Akurbraut.

Raðhúsið sem við búum í er staðsett mjög norðarlega í lóðinni og því nálægt Akurbraut. Það er því töluvert ónæði af umferð um þá götu. Þegar við festum kaup á húsinu kynntum við okkur sérstaklega hvort mikil umferð kæmi til með að verða um götuna og sáum þá að eingöngu var um einbýlishús og raðhús að ræða neðar í hverfinu og fjöldi þeirra ásættanlegur. Það breytir því heilmiklu að fjölga íbúðum um 16 og bílastæðum um 32.

Það skal tekið fram að okkur finnst vel hafa tekist til með hljóðmön yfir á Hafnarfjarðarveg. Það er sérstaklega hávaðinn frá Akurbraut sem er truflandi.

Ef af þessum framkvæmdum verður vildum við gjarna fá að vita hvort einhverjar ráðstafanir verða gerðar til að draga úr þessari auknu truflun/umferð fyrir þá íbúa sem eiga lóðir að Akurbraut.

Virðingarfyllst,

Þóra Kristinsdóttir
Þóra Kristinsdóttir

Þorvaldur Karl Helgason
Þorvaldur Karl Helgason


Árakri 6,
210 Garðabæ


Athugasemdir vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Breiðakur 2-16

Undirritaðir gera athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi við Breiðakur 2-16. Við höfum nýverið fest kaup á Einbýlishúsi við Dalakur 6 í Garðabæ og hefur okkur hlakkað mikið til að flytja í bæjarfélagið, enda er fjölskyldufaðirinn fæddur og uppalinn á Hofstöðum Garðabæ. Við vorum búin að skoða mikið í Garðabæ áður en við fundum þessa eign, sem nú er verið að byggja fyrir okkur. Við erum með 4 börn og vildum velja rólegt hverfi með lítilli umferð. Lóðirnar við Breiðakur 2-16 liggja að okkar lóð og við munum finna mikinn mun á því hvort að það búi 8 fjölskyldur (32-40 manneskjur) á bak við okkur eða 16 fjölskyldur (64-90 manns), fyrir utan aukna umferð íbúa sem og gesta.

Við viljum því mótmæla þessum breytingum, sem fyrirhugaðar eru.

Kópavogur, 15. Júní 2015


Jörunn Jónsdóttir


Sigurður Sveinbjörn Gylfason

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.06.2015
Málalykill	9.33
Mál nr.	1503022

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	26.06.2015
Málalykill	9.33
Mál nr.	1503022

Garðabæ 25.júní 2015

Arinbjörn Vilhjálmsson
Skipulagsstjóri Garðabæjar

Efni: Svar við bréfi dagsettu 15.maí 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Akra, Breiðakri 2-16.

Undirrituð vilja gera athugasemdir við tillögu að breyttu deiliskipulagi við Breiðakur 2-16. Tillagan gerir ráð fyrir að í stað 8 raðhúsaíbúða komi 16 íbúðir í 2 fjölbýlishúsum. Við teljum að þessi fjölgun íbúða hafi í för með sér aukna umferð á leið barna okkar til skóla, í tómstundir og í almenningssamgöngur. Einnig teljum við að finna megi fyrir aukinni umferð nálægt heimili okkar.

Þegar við keyptum húsið okkar við Árakur 27 vorum við að sækjast eftir að búa í rólegu hverfi, enda var einungis gert ráð fyrir einbýlis- og raðhúsum í þessum hluta hverfisins. Við teljum að sérbýli innan um fjölbýlishús verði minna eftirsóknarvert og því megi búast við því að þetta hafi þau áhrif að hús okkar yrði verðminna en ella.

Við mótmælum tillögu að breyttu deiliskipulagi við Breiðakur 2-16 og förum fram á að núgildandi deiliskipulagi verði ekki breytt.

Virðingarfyllst,



Jónatan Guðnason, kt: 191269-3819



Halldóra K. Valdimarsdóttir, kt: 240373-5059